



ÍSOR

SJÁLFBÆRNI Í VERKI



STEFNA ÍSOR
2021

- Leiðandi í ráðgjöf við nýtingu innlendra orkugjafa

- Þekking á heimsvísu
- Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála.
- ÍSOR hefur veitt orkuiðnaðinum og opinberum aðilum þjónustu og ráðgjöf í áratugi. Jafnframt hefur ÍSOR veitt erlendum fyrirtækjum og stjórnvöldum víða um heim ráðgjöf, meðal annars í samvinnu við verkfræðistofur.
- Ráðgjöf tengd jarðvísindum og nýtingu á jarðhita er megin-tekjulind ÍSOR. Jarðfræðikortagerð, jarðvísindalegar rannsóknir vegna mannvirkjagerðar, skriðufalla, jarðskjálfta og eldvirkni eru einnig meðal þjónustupátta. Þá sinnir ÍSOR kennslu og fræðslu í jarðhitafræðum og -tækni og sér um rekstur Jarðhitaskólans.
- **Stefnumótun 2021**
- Í samantekt þessari er gerð grein fyrir nýrri stefnu ÍSOR, sem gildir frá 1. júní 2021. Við gerð hennar hafði stjórn samráð við eiganda og rætt var við helstu viðskiptavini og samstarfsaðila. Starfsfólk ÍSOR tók virkan þátt í stefnumótuninni. KPMG var fengið til aðstoðar í þessu ferli.



• Þróun í átt að sjálfbærni

ÍSOR – sjálfbærni í verki

- Á undanförnum árum hefur orðið vaxandi meðvitund um mikilvægi sjálfbærrar þróunar eins og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna bera með sér.
- Til að mæta þeim áskorunum sem við blasa hafa íslensk stjórnvöld sett sjálfbæra þróun á oddinn í allri sinni stefnumótun.
- Stjórnvöld hafa m.a. sett fram forgangsmarkmið byggð á Heimsmarkmiðunum. Þau snúa bæði að aðgerðum á Íslandi og á alþjóðavísu.
- ÍSOR býr að þekkingu og reynslu á ýmsum sviðum sem nýtist við innleiðingu og framkvæmd á stefnu stjórnvalda sem leiðir til árangurs í sjálfbærri þróun.
- ÍSOR ætlar að beita sér sérstaklega að Heimsmarkmiðum númer 4, 7, 8, 9, 12 og 13.
- Ný stefna ÍSOR styður þannig við stefnu stjórnvalda og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



ÍSOR – sjálfbærni í verki

SÝN

Metnaður ÍSOR er að vera leiðandi í ráðgjöf á heimsvísu á sviði sjálfbærrar nýtingar jarðrænna auðlinda og styðja kröftuglega við stefnu og áherslur Íslands í umhverfis-, auðlinda- og orkumálum innanlands og í alþjóðlegu samstarfi.

Lausnir ÍSOR miða að því að koma **jörðinni** og **fólki** til góða, skila **hagsæld** og um leið starfar ÍSOR í samræmi við **góða stjórnarhætti**.

ÁHERSLUR

Auðlindakortlagning

- Aukin þekking á jarðrænum auðlindum sem styður við upplýsta ákvarðanatöku.
- Styðja við orkuskipti og kolefnishlutleysi.

Auðlindaöryggi og fræðsla

- Bæta aðgengi að grænni orku.
- Styðja við sjálfbærni, orkuöryggi og aðgengi að vatni.
- Fræðsla um jarðrænar auðlindir til að hraða sjálfbærri þróun á heimsvísu.

Auðlindanýting

- Auka skilvirkni og hagkvæma auðlindanýtingu.
- Efla hringrás, draga úr sóun.

UNDIRSTÖÐUR

Stjórnun

- Þekking
- Traustur rekstur
- Samvinna

• Auðlinda- kortlagning

- Auka þekkingu á jarðrænum auðlindum á landi og hafsbotni sem styður við upplýsta ákvarðanatöku
- Styðja við orkuskipti og kolefnishlutleysi



MARKMIÐ

Kortlagning á jarðfræði Íslands, landgrunni, mikilvægum jarðrænum auðlindum og jarðminjum verði kláruð með markvissum skrefum á komandi árum.



• LYKILÞÆTTIR

- Öflugar rannsóknir og samstarf við aðrar stofnanir – auk þess að ná samningum sem gera það kleift að vinna jafnt og þétt að auðlindakortlagningu.
- Almenn kortlagning á jarðrænum auðlindum á landi og hafsbotni til að efla þekkingu og styðja almennt við sjálfbæra þróun.
- Efla þekkingu á jarðfræði og auðlindum sem styður við ákvörðun um verndun, kolefnishlutleysi, nýtingu svæða, mannvirkjagerð og varnir gegn náttúruvá.
- Auðlinda-, forða- og grunnvatnsþekking sem bætir aðgengi, mat á áfallaþoli, öryggi og sjálfbæra nýtingu.
- Kortleggja hafsbotn og botngerð til að bæta m.a. skilvirkni og stjórnun fiskveiða.
- Styðja við aðgengi fyrirtækja, almennings og ferðamanna að upplýsingum um jarðfræði og auðlindir með viðeigandi aðgengi að gagnagrunnum.



Auðlindaöryggi og fræðsla

- Bæta aðgengi að grænni orku
- Styðja við sjálfbærni, orkuöryggi og aðgengi að vatni
- Fræðsla um jarðrænar auðlindir til að hraða sjálfbærri þróun á heimsvísu
- Aukin þekking á jarðrænum auðlindum sem styður við upplýsta ákvarðanatöku



MARKMIÐ

Stuðla að því að samfélög búi við öruggt aðgengi og afhendingu á grænni orku og hreinu vatni.

Árleg aukning í fjölda þeirra sem fær fræðslu um sjálfbæra nýtingu jarðrænna auðlinda.

• LYKILÞÆTTIR

- Vöktun og eftirlit - í góðu samstarfi við aðrar stofnanir - með gæðum grunnvatns, orku- og auðlindanýtingu sem styður við bætt og öruggt aðgengi, aukna skilvirkni, hagkvæmni og að dregið sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Meta jarðhitaforða með tilliti til sjálfbærrar vinnslu.
- Styðja við aukna nýtingu á lághita, bæta afkastagetu og styðja við uppbyggingu hitaveitna þar sem þær eru ekki til staðar, svo sem á „köldum svæðum“.
- Vera ábyrgur samstarfsaðili sem felur í sér vottun um sjálfbæra nýtingu á orku og öðrum jarðrænum auðlindum.
- Efla og útvíkka fræðslu um sjálfbæra nýtingu jarðrænna auðlinda til samræmis og stuðnings við áherslur stjórnvalda og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



Auðlinda- nýting

- Aukin skilvirkni og hagkvæm auðlindanýting
- Efla hringrás og draga úr sóun



MARKMIÐ

Sjálfbær og skilvirk nýting náttúruauðlinda sem styður við farsæl orkuskipti, kolefnishlutleysi og hagsæld í samræmi við stefnu og markmið Íslands.

• LYKILÞÆTTIR

- Stuðla að orkuskiptum og aðgengi allra að endurnýjanlegri orku í samræmi við markmið Íslands og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Stuðningur og áframhaldandi þróun þjónustu og ráðgjafar við orku- og veitufyrirtæki.
- Vera öflugur samstarfs- og stuðningsaðili við ferli kolefnisbindingar.
- Styðja við fjölbreytta auðlindanýtingu, svo sem fjölnýtingu, auðlindagarða, hringrásarhagkerfi og aðra nýsköpun.
- Nýta þekkingu og tæki til að styðja við atvinnulífið og opinbera aðila varðandi sérhæfðar mælingar og jarðfræðiráðgjöf, þar með talið við mannvirkjagerð.



Stjórnun

- Þekking
- Traustur rekstur
- Samvinna

MARKMIÐ

- Ánægja viðskiptavina
- Ánægð og árangursmiðuð liðsheild
- Framþróun og virðisskapandi lausnir
- Góð framlegð og skilvirkni
- Jöfn tækifæri starfsfólks
- Fylgja eigandastefnu ríkisins

• LYKILÞÆTTIR

- Allt starf er í samræmi við lög og góða stjórnarhætti.
- Árangur kallar á öflugar undirstöður og að menning, starfshættir og skipulag styðji við stefnu og áherslur:
 - Viðhalda og efla þekkingu starfsmanna í samræmi við stefnuáherslur.
 - Öflug og góð tengsl við viðskiptavini og samstarfsaðila til að skilja og mæta þörfum til framtíðar.
 - Framþróun og virðisskapandi lausnir.
 - Tekjumyndun sem tryggir fjárhagslegan stöðugleika til skemmri og lengri tíma til að mæta rekstrarkostnaði og fjárfestingu í rannsóknum og þróun.
 - Árangursmiðuð menning.





ÍSOR

SJÁLFBÆRNI Í VERKI